

## Söfnun til endurreisnar Skólavörðunnar í Reykjavík

Eins og bæjarmönnum er kunnugt, hrundi skólavarðan, sem svo er nefnd, fyrir nokkrum árum og liggur hún enn í rústum sínum og hefur eigi orðið við reist, sökum þess að ekkert fje hefur verið til viðgjörðar hennar. Reyndar hjetu ýmsir bæjarmenn nokkru fje til vörðunnar fyrir nokkrum árum, en af því að það fje varð næsta ónóg, varð ekkert úr viðgjörðinni, enda var það fje aldrei heimt. Í annan stað skutu lærisveinar latínuskólans nokkru fje saman til þessa verks; hjeldu þeir því fje saman, og hafa afhent það fje, 40 rdd. 24 skk., einum af oss, sem hjer ritum nöfn vor undir, og er það fje enn óeytt. Þótt þetta fje sje allmikið eptir efnum pilita, sem ekkert hafa við vörðuna að virða, nema nafnið eitt, mun það verða næsta ónógt til viðgjörðar vörðunni, ef í nokkru lagi á að vera.

Skólavörðuna ljet stiptamtmaður Krieger heitinn reisa á sinn kostnað, og verðum vjer að ætla, að allir sjeu samdóma í því, að hann hafi ávallt, meðan ha[nn] dvaldi hjer á landi, lýst þeim velvilja til Íslands og Reykjavíkur, að skyldugt sje að viðhalda þessu minningarmarki hans, sem hann sjálfur reisti á sinn kostnað, og oss virðist það heldur vesallet fyrir bæjarmenn, að láta þetta minningarmark slíks höfðingja falla með öllu og að engu verða; enda getur varðan, ef hún er vel gjörð og haganlega, orðið bæ vorum til prýðis og bæjarmönnum til skemmtunar.

Af þessum sökum höfum vjer, sem hjer ritum nöfn vor undir, tekið oss saman og viljum gjörast forgöngumenn fyrir viðreisn vörðunnar, og vonumst eptir, að bæjarmenn bregðist vel við. Vjer búumst reyndar eigi við, að svo mikið fje gefist, að varða þessi gæti stórkostleg orðið, og höfum vjer hugsað oss, að láta gjöra hana 12 álna háa, og 8 álna á hvern veg, en hafa hana hola að innan, svo að þar mætti stiga setja til uppgöngu á hana; ætlumst vjer til, að svalir sjeu utan um hana miðja, og sjeu 7 álnir upp að svölunum, en 5 álnir upp frá þeim. Nú eru það vinsamleg tilmæli vor til sambýjarmanna vorra, að þeir skjóti saman fje <til> verks þessa, hver eptir drenglyndi sínu og ástæðum, svo að varðan þurfi eigi lengur að liggja í rústum. Biðjum vjer þá, er verða vilja við þessari áskorun vorri, að rita nafn sitt á blað þetta, og hversu mikið þeir vilja gefa, og þá, sem eigi hafa peninga til, en vilja vinna að viðgjörðinni, hversu mikla vinnu þeir vilji láta í tje, og munum vjer láta byrja á smíðinni, undir eins og svo mikið fje er komið, að varðan geti orðið 7 álnir á hæð, og mun sá hluti hennar kosta hátt á annað hundrað dala, þegar hann er fullgjörður.

Reykjavík, 25. dag nóvemberm. 1865.

A Thorsteinson.

HKFriðriksson.

Jón Árnason.

G Þórðarson